



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. maí 2017

Efni: Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992 (lánshæfi aðfaranáms). Lagt fyrir 146. löggjafarþing 2016–2017. Þingskjal 522, 392. mál.

Umsögn þessi lýtur að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna (lánshæfi aðfaranáms). Umsagnaraðili er Stúdentaráð Háskóla Íslands, málsvari allra nemenda við Háskóla Íslands (HÍ). Umsögnin felur í sér afstöðu umsagnaraðila til helstu þátta fyrirbyggjandi frumvarps.

Stúdentaráð Háskóla Íslands telur sjálfsagt að aðfaranám hérlandis verði lánshæft, þar sem Lánasjóðurinn hefur undanfarin ár veitt lán fyrir aðfaranámi. Stúdentaráð telur því eðlilegt að það sé bundið í lög.

Stúdentaráð gerir þó athugasemd við að ekki verði lánað fyrir aðfaranámi erlendis. Í greinargerð frumvarpsins kemur ekkert fram um eðli þess aðfaranáms erlendis sem nemendur hafa þegar fengið lán fyrir. Í svari Lánasjóðs íslenskra námsmanna við fyrirspurn Stúdentaráðs um fjölda þeirra sem hafa tekið lán vegna aðfaranáms erlendis kemur fram að á námsárinu 2016-2017 hafi tveir einstaklingar sótt um slíkt lán. Stúdentaráð spyr því hve þungur baggi það er á Lánasjóðinn að veita tveimur einstaklingum lán fyrir námi af þessu tagi þar sem slíkt lán getur skipt sköpum fyrir þá einstaklinga. Að auki kemur ekki fram í frumvarpinu hvort þessir einstaklingar geti sótt sér slíkt nám hérlandis.

Þá vill Stúdentaráð lýsa yfir vonbrigðum sínum með að stjórnvöld hafi einungis ráðfært sig við Lánasjóð íslenskra námsmanna við gerð frumvarpsins. Stúdentar eru sjaldan hafðir með í ráðum þegar ákvarðanir er varða Lánasjóðinn eru teknar. Þar sem frumvarpið snertir hagsmuni stúdenta hefði verið æskilegt að þær stúdentahreyfingar er málið varðar hefðu fengið að koma að gerð frumvarpsins. Málefni Lánasjóðs íslenskra námsmanna eru málefni stúdenta og því er mikilvægt að þeir komi að lagabreytingum er varða Lánasjóðinn.

*Virðingarfyllst f.h. Stúdentaráðs Háskóla Íslands
Ragna Sigurðardóttir formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands
Ragnar Auðun Árnason lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands*